

Á landsmóti STÍ sem lauk á Akranesi í dag sigraði Hákon Þór Svavarsson úr SFS með 53 stig (115), annar varð Stefán Gísli Örlygsson úr SKA með 50 stig (117) og í þriðja sæti hafnaði Guðlaugur Bragi Magnússon úr SA með 40 stig (120).

Í kvenna keppninni sigraði Snjólaug M. Jónsdóttir úr MAV með 39 stig (83), önnur varð Helga Jóhannsdóttir úr SFS með 38 stig (96) og í þriðja sæti varð Dagný H. Hinriksdóttir úr SR með 22 stig (93).

Í unglingakeppni mættu tveir til keppni og sigraði Ágúst Ingi Davíðsson úr SFS með 81 stig en í öðru sæti varð Daníel Logi Hreiðarsson með 72 stig.

Í liðakeppni karla sigraði sveit Skotípróttafélags Suðurlands með 321 stig (Hákon Þór Svavarsson 115, Jakob Þór Leifsson 109, Aðalsteinn Svavarsson 94), önnur varð sveit Skotfélags Reykjavíkur með 318 stig (Sigurður Unnar Hauksson 112, Guðmundur Pálsson 111, Kjartan Örn Kjartansson 95) og í þriðja sæti sveit Skotfélags Akureyrar með 307 stig (Grétar Mar Axelsson 115, Guðlaugur Bragi Magnússon 120 stig , Daníel Logi Hreiðarsson 72 stig.)
Nánari úrslit á www.sti.is